



Markaðspunktur í dag:

- Talsverð verðbólga í október
- Bráðabirgðaspá: +0,45% verðbólga út árið

Talsverð verðbólga í október

Verðlag í október hækkaði um **0,76%** frá fyrri mánuði sem er almennt meira en helstu spár gerðu ráð fyrir. Spá Greiningardeildar Arion banka gerði ráð fyrir 0,5% hækkun en **frávik frá okkar spá má einkum rekja til hækkunar á húsnæði og flugfargjöldum**. Áhrif vegna verðhækkunar á hita hjá Orkuveitu Reykjavíkur (OR) komu fram í mánuðinum og var niðurstaða í takti við væntingar (+0,27%). Tólf mánaða verðbólga mælist nú 3,3% samanborið við 3,7% í september. Eins og sjá má í bráðabirgðaspá hér að neðan gerum við ráð fyrir að verðbólga í **nóvember verði 0,3% og 0,15% í desember**

Sökudólgar verðbólgunnar í október:


Gjaldskrárhækkun hjá OR. Áhrif vegna hækkunar á hita komu fram í októbermælingunni og voru áhrifin 0,27% til hækkunar á verðlagi. Enn eiga eftir að koma áhrif vegna dreifingar á rafmagni en við gerum ráð fyrir að þau áhrif komi fram í næsta mánuði (sjá að neðan).

Matur hækkar. Matarkarfa landsmanna hækkaði í október og hafði 0,1% áhrif til hækkunar verðlags. Þessa hækkun var í takti við okkar væntingar. Hrávöruverð úti í heimi hefur farið hækkanði og kaupmenn hér innanlands hafa varað við áhrifum vegna þessa að undanfögnu. Samkvæmt okkar heimildum eru frekari matvöruverðshækkanir framundan (t.d. egg, hveiti, pasta, kjúklingur og svínakjöt)

Húsnæðisverðið á uppleið? Enn og aftur kemur húsnæðisliðurinn á óvart í verðbólguælingum Hagstofunnar. Húsnæðisliðurinn hækkaði um 0,11% í mánuðinum sem nánast eingöngu má rekja til hækkunar á markaðsverði húsnæðis, sem kann að koma nokkuð spáskt fyrir sjónir! Hagstofan tekur mið af mánaðarbreytingum fasteignaverðs skv. kaupsamningum frá Fasteignaskrá Íslands (FMR). Þetta er einkum athyglisvert því að tölur frá FMR síðustu þrjá mánuði sýna aðra mynd og hefur húsnæðisliðurinn nánast staðið í stað skv. þeim mælingum (reyndar á FMR eftir að birta október verðmælingu sína). Þó skal benda á að afar erfitt er að spá fyrir um húsnæðisliðinn þar sem sambandið milli mælinga Hagstofunnar og FMR hefur ekki alltaf verið mjög sterkt.

Flugfargjöld hækka. Flugfargjöld hækkuðu í mánuðinum og höfðu 0,13% áhrif til hækkunar. Þessi liður er jafnan sveiflukenndur og getum við því allt eins séð samsvarandi lækkun í næsta mánuði.

Verðbólgan og helstu áhrifa þættir hennar - áhrif til hækkunar á VNV



Bráðabirgðaspá: +0,45% verðbólga út árið

Greiningardeild gerir ráð fyrir að verðlag hækki um 0,45% til viðbótará þessu ári. Gerum við ráð fyrir að verðbólgan í **næsta mánuði verði 0,3% og 0,15% í desember**. Gangi spá okkar eftir verður 12 mánaða verðbólga í árslok 2,5%. Fyrst og fremst snúa óvissuþættir í spánni að verðþróun matvöru hér innanlands, eldsneytis og húsnæðisliðar..

Helstu áhrifaþættir verðbólgunnar næstu mánuði eru eftirfarandi:

Gjaldskrárhækkun OR. Seinni hluti gjaldskrárhækkunar OR kemur fram í nóvember að öllum líkindum. Hér er um að ræða áhrif vegna verðhækkunar á dreifingu rafmagns sem beðið er eftir að fái staðfestingu frá Orkustofnun. Við gerum ráð fyrir að áhrifin verði um 0,12% til hækkunar VNV í nóvember.


Húsnæðisliðurinn áfram jákvæður. Miðað við nýjustu verðmælingu frá Hagstofunni bendir allt til þess að talsverð fasteignaverðshækkun hafi verið í október. Þessi áhrif fjara ekki út fyrr en í janúar, vegna þess að tekið er mið af þriggja mánaða meðaltali. Af því gefnu að engin veruleg lækkun komi til móts við þessa mælingu mun húsnæðisliðurinn hafa áhrif til hækkunar út árið.

Frekari matvöruverðshækkunir? Hrávöruverðshækkunir hafa nú þegar að einhverju leyti skilað sér út í matvöru, við teljum að búast megi við áframhaldandi áhrifum í næsta mánuði þó óljóst sé hversu sterk áhrifin verða.


Eldsneyti hækkar. Verð á eldsneyti hefur þegar hækkað frá síðustu verðmælingu. Miðað við engar frekari verðbreytingar má gera ráð fyrir að verðlagsáhrif vegna þessa verði +0,08% til hækkunar í nóvember.

Á móti öllum þessum hækkunum gerum við ráð fyrir að styrking krónunnar haldi aftur að frekari verðhækkunum og muni jafnvel leiða áfram til einstakrar verðlækkunar á einstökum liðum.

Verðbólga í hverjum mánuði (%)
- breyting milli mánaða



Verðbólga í hverjum mánuði (%)
- breyting milli ára



Markaðspunktur Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Davíð Stefánsson	david.stefansson@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Ásgeir Jónsson

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktur eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is